

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 20. desember 2021
UST202112-061/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir Brjánslæk, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir - Vesturbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar er barst 6. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Brjánslæk, Brjánslækjarhöfn og Flókatóftir

Í erindinu kemur fram að helstu markmið með gerð deiliskipulags fyrir svæðið er að leggja línur, svo sem ákvæði um yfirbragð byggðar, ný mannvirki, aðkomu og niðurrif á mannvirkjum, auk lýsingar á núverandi staðháttum. Auk þess kemur fram að markmið með gerð deiliskipulags fyrir Brjánslækjarhöfn er að ný mannvirki nýtist annars vegar fyrir sjávarútveg og hins vegar fyrir ferjusiglingar, að auka öryggi vegfarenda sem fara um höfnina og þjóðveg, að styrkja aðstöðuna til ferjusiglinga um Breiðafjörð, að stuðla að betri nýtingu núverandi hafnaraðstöðu og aðstöðu til úrvinnslu sjávarfangs og að byggja upp betri aðstöðu fyrir smábáta.

Markmið með gerð deiliskipulags fyrir Flókatóftir er m.a. að skapa aðstöðu fyrir ferðamenn þar sem þeir fá fræðslu um nærumhverfi og suðursvæði Vestfjarða, auk þess að fólk geti notið útiveru, skoðað Flókatóftir og gengið eftir merktum stíg upp að prestssetri þar sem verður miðstöð gönguferða upp í surtarbrandsgilin, ásamt sýningu þeim tengdum.

Surtarbrandsgil

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að tengja þessi svæði saman með göngustíg, Flókatóftir og sýninguna um Surtarbrandsgil. Hins vegar vill stofnunin benda á að nokkurt álag hefur verið á svæðið, en unnið hefur verið að því í nokkur ár að girða fyrir að fólk sé að fara einsamalt upp í gil með því að breyta upphafspunkti leiðarinnar, fjarlægja skilti sem vísa á gilið o.fl. Auk þess vill stofnunin benda á að óheimilt er að ganga í gilið nema í fylgd landvarða sem fara þangað á auglýstum tímum á sumrin.

Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þegar fjallað eru um miðstöð gönguferða í Surtarbrandsgili í tillögunni að tekið sé tillit til ofangreindra þátta.

Varnargarður og landfylling

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir nýjum 123 m löngum varnargarði og verður grjótefni úr námu utan við Þverá (E2) nýtt í framkvæmdina. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir nýrri landfyllingu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi í tillögunni stærð landfyllingar, áætluð efnisþörf við gerð hennar og hvers konar efni verður nýtt. Stofnunin bendir á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu og opnum varnargarði er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Sjávarfitjar

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins eru sjávarfitjar sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur